



Menningar-, íþrótt- og tómstundafulltrúi

Blönduósbær auglýsir laust til umsóknar starf Menningar-, íþrótt- og tómstundafulltrúa. Um nýtt starf er ræða með starfshlutfalli 80 – 100%. Tilgangur starfsins er að hafa faglega umsjón með öllu menningar-, íþrótt- og tómstundastarfi Blönduósbæjar í góðu samstarfi við hlutaðeigandi aðila. Hér er fjölbreytt og skemmtilegt tækifæri fyrir skapandi og skipulagðan einstakling til að móta nýtt starf í vaxandi samfélagi. Næsti yfirmaður fulltrúans er sveitarstjóri.

Markmið og verkefni:

- Verkefnavinna og stefnumótun fyrir menningar- íþrótt- og tómstundamál.
- Vinna náð með menningar- íþrótt- og tómstundanefnd sveitarfélagsins.
- Umsjón og þróunarvinna með starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Skjólsins.
- Er tengiliður sveitarfélagsins við félagasamtök sem eru með skipulagða íþrótt- og tómstundastarfsemi í sveitarfélaginu, á grundvelli samninga.
- Vinnur í nánu samstarfi við stjórnendur grunnskóla og íþróttamiðstöðvar.
- Er tengiliður og umsjónarmaður með verkefninu *Heilsueflandi samfélag*.
- Verkefnastjórn við hátíðahöld og aðra viðburði á vegum sveitarfélagsins.
- Önnur verkefni á þessu sviði sem viðkomandi er falið af sveitarstjóra.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tómstunda- og félagsmálafræði, eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Góðir forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Reynsla og þekking af íþrótt- og tómstundastarfi.
- Mikill áhugi á velferð íbúa og hæfni til að eiga samskipti við alla aldurshópa.
- Frumkvæði, jákvætt hugarfar og hugmyndaauðgi.

Launakjör erum samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu. Umsækjendur af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið. Nánari upplýsingar veitir Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri, valdimar@blonduos.is Starfið er laust samkvæmt nánara samkomulagi, Umsóknnum skal skilað á netfangið, blonduos@blonduos.is **Umsóknarfrestur er til 20. ágúst 2020.**